

Skýrsla keppnisnefndar LH 2021

Eftir landsþing LH 27.-28. nóvember 2020 var samþykkt á fundi stjórnar LH að stjórn skipi fimm fulltrúa í keppnisnefnd og hagsmunafélögin HÍDÍ, GDLH og FT einn fulltrúa hvert.

Í keppnisnefnd sitja eftirfarandi:

Einar Gíslason, formaður
Hulda Gústafsdóttir
Ólafur Þórisson
Ómar Ingi Ómarsson
Sigurður Ævarsson, fulltrúi HÍDÍ
Siguroddur Pétursson
Súsanna Sand Ólafsdóttir, fulltrúi FT
Valdimar Ólafsson, fulltrúi GDLH

Keppnisnefnd hefur fundað nokkrum sinnum á árinu um þau málefni sem rata á hennar borð. Á landsþingi LH 27.-28. nóvember voru þó nokkrar breytingar sem nefndin skoðaði fyrir útgáfu laga og reglna LH í apríl síðastliðnum.

Þá fór einnig fram FEIF þing 13.-14. febrúar þar sem fyrir lágu fjöldi breytinga á reglugerð um íþróttakeppni sem nefndin fór yfir og skilaði álit til þingfulltrúa Íslands sem áttu sæti á þinginu.

Þá hafa nefndinni borist fjölmargar fyrirspurnir og erindi sem keppnisnefnd hefur afgreitt og svarað.

Keppnisnefnd sendi eftir Íslandsmót erindi á sportnefnd FEIF hvernig bæri að túlka reglur þegar hestur missir skeifu í úrslitakeppni í fimmgangsgreinum. Því erindi hefur enn ekki verið svarað.

Þá er einhver misbrestur á skilum á mótaskýrslum hjá hestamannafélögunum. Sumar mótaskýrslur eru ekki rétt útfylltar og svo hefur þeim verið skilað seint. Skoðar keppnisnefnd hvernig hægt er að koma þessum málum í lag.

Nefndin hefur verið að safna að sér ábendingum um ýmislegt sem hægt er að skýra betur í lögum og reglum LH. Þannig hafa nokkur tilvik komið upp þar sem aðilar hafa túlkað reglur á sinn hvorn veginn. Þá er það ætlan nefndarinnar að vinna í vetur drög að tillögum fyrir næsta landsþing 2022 og kynna þær.

Fyrir hönd keppnisnefndar,

Einar Gíslason